



Bæjarráð Akureyrar,  
c/o Ásthildur Sturludóttir,  
bæjarstjóri

Akureyri 25 mars 2020

**Varðar málefni Hamra útilífsmiðstöðvar skáta og tjaldsvæði Akureyrar.**

Þann 10. mars var haldin aðalfundur félagsins Hamrar útilífsmiðstöð skáta Akureyri, sem er á vegum skátafélagið Klakks og starfar til hliðar við það.

Á fundinum var m.a. rætt árangursríkt samstarf skátanna og Akureyrarbæjar um uppbyggingu og rekstur að Hömrum m.a. til eflingar ferðapjónustu og skátastarfs í bænum. Að venju var á aðalfundinum rætt um starsemina og þróun útilífsmiðstöðvarinnar. Rætt var m.a. tregða Akureyrarbæjar við að ganga frá samningum við félagið um uppbyggingu og eignarhald o.fl. Í gildi er rekstrarsamningur frá 2008, sem endurnýjast hefur reglulega samkvæmt gr. 11 í samningnum án athugasemda aðila.

Skátafélagið hefur rekið tjaldsvæði Akureyrar við Þórunnarstræti frá árinu 1998 samkvæmt samning þar um. Félagið átti hugmyndina og allt frumkvæði að uppbyggingu útilífsmiðstöðvar skáta og tjaldsvæðinu að Hömrum sem formlega var opnað í júní 2000.

Aðkoma að uppbyggingunni og rekstrinum að Hömrum og á tjaldsvæðinu við Þórunnarstræti hefur skátahreyfingin m.a. byggt á samþykkt bæjarstjórnar Akureyrarbæjar um uppbyggingu útilífsmiðstöðvar að Hömrum frá 1993 og síðar ásamt samningum um málið frá 2008 og 1998.

Starfsemi eins og rekin er að Hömrum krefst stöðugar uppbyggingar og þróunar í takt við síbreytilegar ferðavenjur og þarfir gesta svæðisins bæði, ferðamanna og annarra. Því er mikilvægt að haldið sé vel á málum og reynt að sjá þróunina fyrir og haga uppbyggingu og rekstri í samræmi við það.

Í vor eru 20 ár frá því að formleg starfsemi hófst að Hömrum við opnum svæðisins með. Ýmis starfsemi hafði þó verið á svæðinu á vegum félagsins frá árinu 1992.

Í tilefni þessara tímamóta er því að mati félagsins tilvalið tækifæri og ganga frá samningum um samstarf aðila um uppbyggingu og eignarhald svæðisins sbr. fyrirheita í fyrri samningum og samþykktum.

Samninganefnd félagsins er tilbúinn til viðræðna hér eftir sem hingað til hvenær sem er og leggur til að stefnt verði að því að ljúka samningum í tengslum við þessi tímamót eða fyrirhugað landsmót skáta að Hömrum í sumar.

Á aðalfundinum var samþykkt að beina nokkrum tillögum til Akureyrarbæjar sem fjalla um málefni er varða starfsemina og öll hafa verið til umræðu áður og beint til bæjarins án þess að niðurstaða fengist.

Það er ósk okkar að tillögunum verði beint í réttan farveg innan stjórnkerfis bæjarins og að þær fái efnislega umfjöllun.

Fh. Stjórnar og aðalfundar Hamra  
útilífsmiðstöðvar skáta

Tryggvi Marinósson